



4. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

23. júní 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Hákon Leifsson (HL).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Reiðleið í gegnum golfvöll GR á Korpúlfsstöðum

HS, RÁS og HL fóru á fund með forsvarsmönnum GR í gær miðvikudag og tóku út aðstæður hvað varðar reiðleið um svæðið. Búið er að merkja leið með stikum í gegnum Korpúlfsvöll og er leiðin ásættanleg fyrir hestamenn með þeim fyrirvara að yfirborð reiðleiðar er á sumum stöðum gróið land sem er ófært í vissum aðstæðum á vorin og eftir rigningar svo dæmi sé tekið. Ákveðið var að hitta GR aftur í haust og skoða hvað hefur verið gert og taka ákvarðanir um framhaldið.

3. Fundur með ÍBR

HS hitti Frímann Ara framkvæmdastjóra ÍBR og Ingvar formann ÍBR á fundi í vikunni og fór með þeim yfir ýmis mál gagnvart Fáki og þá sérstaklega bréf stjórnar félagsins til starfshóps menningar- og íþróttaráðs um forgangsöðun íþróttamannvirkja. Á fundinum var meðal annars fjallað um reiðvegafé sem skorið var niður fyrir árið 2025, áhuga félagsins á að reisa reiðhallir á athafnasvæðum félagsins, auk fjárfestinga í félagshesthúsi og lóðarleigusamninga. HS hefur verið í samskiptum við forsvarsmenn borgarinnar og óskað eftir skýringum á því af hverju reiðvegafé var skorið niður.

4. Reykjavíkurmestaramót

Mikil ánægja var með Reykjavíkurmestaramót. Metfjöldi skráninga var á mótinu eða 1027 og þurfti að bæta við auka degi, var því mótið 8 dagar. Þó er ljóst að rekstur mótsins hvílir á alltof fáum höndum og mótsdagar eru mjög langir fyrir lykilstarfsfólk mótsins. Rætt er hvort hægt sé að minnka mótið og til dæmis taka út keppnisflokka í meistaraflokki þar sem 3 eru inná í einu.

5. Fréttabréf stjórnar

Stjórn fór yfir drög að fréttabréfi sem birt verður á heimasíðu og sent á póstlista á næstu dögum.

6. Samningar við reiðskólana

Undirritaðir voru samningar við reiðskólana fyrir sumarið 2025.

7. Dagur reiðmennskunnar og Stórsýning Fáks

Lagt er til að fresta ákvörðun um dagsetningu sýningarinnar fyrir næsta ár. Haft verður samband við þá aðila sem hafa komið að sýningunni undanfarin ár og ákvörðun tekin í haust.

8. Gæðingamót

Dræm þátttaka var á gæðingamóti Spretts og Fáks í vor. Ástæða er til að skoða fyrirkomulag þessa móts til að auka þátttöku þegar ekki er landsmótsár. Ýmsar hugmyndir eru reifaðar eins og að halda eitt stórt mót á höfuðborgarsvæðinu með fleiri félögum, hafa mótið kvöldmót eða mögulega flýta mótinu um einhverjar vikur. Taka þarf þetta samtal með Spretti, Herði, Sörla og Sóta.

9. Meistaradeildin í hestaíþróttum 2026

Borist hefur erindi frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum varðandi möguleika á bókun reiðhallarinnar fyrir mót ásamt skilmálum. Fyrir hvert mót þurfa liðin að hafa aðgang að þremur æfingatímum. Ljóst er að erfitt er að mæta skilmálum deildarinnar því höllin er þegar mikið ásetin til reiðkennslu og móta sem félagið sjálft er að halda.

Félagið svara erindinu á þá leið að ekki sé pláss fyrir viðburði Meistaradeildarinnar í reiðhöllinni í Víðidal.

10. Önnur mál

- a. **Taðgámur** - Ragnar Bragi Sveinsson hefur óskað eftir aðstöðu fyrir gám fyrir hreint hrossatað til að kanna fýsileika þess að vinna verðmæti úr því. Framkvæmdastjóra er falið að vara í sambandi við bréfitara um staðsetningu gámsins.
- b. **Starfsmannamál** - Rætt er um að hvort fræðslu- og æskulýðsfulltrúi geti bætt við sig starfshlutfalli og ábyrgð.

Fundi slitið 18.18.

Fundargerð ritaði Einar Gíslason